

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. desember 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-47/2013

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 6. maí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna metanbreytingar á bílvél framkvæmdri af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi telur að metanbreytingin á bílvélinni hafi verið haldin galla og krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar eftir lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar geta aðilar kaupa sem greinir á um réttindi og skyldur sínar samkvæmt lögum þessum snúið sér til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið.

Ágreiningur aðila snýst um kaup á þjónustu, þ.e. metanbreytingu á bílvél. Eðli sínu samkvæmt ætti ágreiningur aðila að falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Hins vegar ná þau lög einvörðungu til þjónustu sem neytendum er veitt, en neytandi er í lögunum skilgreindur svo að átt sé við einstakling sem er kaupandi þjónustu og að kaupin séu ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans. Samkvæmt þeim gögnum sem álitsbeiðandi sendi kæruneftndinni var metanbreytingin sem um ræðir gerð á vél í bifreið í hans eigu, en bifreiðin er notuð sem leigubifreið. Að mati kæruneftndarinnar eru því kaup álitsbeiðanda á þjónustu við að gera breytingar á bílvél bifreiðarinnar xx-000 viðskipti sem teljast vera liður í atvinnurekstri hans sjálfs. Falla þannig kaup álitsbeiðanda af seljanda ekki undir þjónustukaupalögin, nr. 42/2000. Þau falla heldur ekki undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup eða lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Af þessum ástæðum verður ágreiningi aðila þessa máls ekki skotið til kæruneftndar lausafjár og þjónustukaupa með ósk um að hún gefi álitsgerð um ágreininginn þar sem hann fellur utan valdsviðs nefndarinnar. Verður kæruneftndin því að vísa álitsbeiðninni frá sér, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir